



Kveðja frá, INDÓNESÍU!

Lærið um börn himnesks föður víða um heim.



Indónesía er land í Suðaustur-Asíu. Þar eru meira en 17.000 eyjar! Um 280 milljón manns búa þar.



KIRKJA Í VEXTI

Russell M. Nelson forseti heimsótti meðlimi í höfuðborginni Djakarta árið 2019. Á aðalráðstefnunni í apríl 2023 tilkynnti hann að þar yrði reist musterí!

TILBEIÐSLUSTAÐIR



Í Indónesíu er stærsta íslamska moska Suðaustur-Asíu. Þar er líka stærsta musterí búddista í heimi.

TALAR ÞÚ TUNGUMÁLID MITT?



Indónesíska er hið opinbera tungumál. En meira en 700 tungumál eru töluð í Indónesíu! Einkunnarorð þeirra í landinu merkja „mörg, en samt sameinuð,“ til að sýna samstöðu fólksins.

HEIMKYNNI DREKANNA

Kómódódrekar eru stærstu eðlur í heimi. Þeir geta orðið 3 metra langir!



MYNSKREYTING: CONNER GILLETTE

VERKEFNI

BATIK-MÁLVERK

Batik er listtegund þar sem litum er bætt við efni. Þið getið líka gert eitthvað álíka!

Búið til mynstur með fljótandi lími á blaði. Þegar límið er orðið þurr, skulið þið mála á milli límlínanna með vatnslitum.



NASI UDUK

1. Skolið **2 bolla af hrísgrjónum**. Látið hrísgrjónin vera í vatni í klukkustund og sigtið þau síðan úr vatninu.
2. Látið **2 bolla af kókosnetumjólki** í pott. Bætið síðan við **2 heilum negulnögglum**, **1 kanilstöng** og **1 teskeið salti**. Blandið saman og látið sjóða.
3. Bætið hrísgrjónunum saman við sósuna. Setjið lokið á og látið malla í 15 til 20 mínútur, þar til hrísgrjónin eru fullleðuð.
4. Takið pottinn af hellunni og látið hann standa með lokinu á í 10 mínútur. Berið fram með harðsoðnum eggjum, steiktum lauk eða öðru ofan á.

UPPSKRIFT

Verið viss um að fá hjálp frá fullorðnum!



GÓÐUR NÆTURSVEFN

Við þurfum svefn til að hafa orku til að hlaupa, leika og vinna. Reynið að fara í háttinn á sama tíma öll kvöld. Gerið eitthvað sem hjálpar ykkur að slaka á áður en þið sofnið.

HOLLUSTURÁÐ